

Íslensku bókahönnunarverðlaunin



Starfsreglur vegna framlagðra verka og dómnefnda

Framlögð verk

- Skilyrði til framlagningar bókverks er að frumútgáfa hafi komið út á líðandi útgáfuári, og sé fáanlegt til kaups og eignar á almennum markaði.
- Heimilt er að tilnefna öll útgefin bókverk, óháð því hvort þau eru hluti ritraðar eða ekki. Dómnefnd metur það verk sem lagt er fram.
- Heimilt er að tilnefna bækur sem að nafninu til teljast endurútgáfur, svo fremi sem veruleg nýsköpun hafi átt sér stað vegna nýju útgáfunnar. Bækur sem eru endurprentaðar eða endurútgefna með minniháttar breytingum eða lagfæringum koma ekki til greina.

Dómnefndir

- Við val á tilnefningum og verðlaunabókum skal dómnefnd hafa að leiðarljósi að verið er að leita að athyglisverðustu bókahönnun ársins, það er að segja bókahönnun sem vekur forvitni út af gæðum, efni, framsetningu eða öðru því er dómnefnd metur að kveiki áhuga hins almenna lesanda. Sjá einnig 1. kafla, 1. grein í reglum um verðlaunin.
- Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda og stjórn Félags íslenskra teiknara leggur áherslu á að dómnefndum beri að líta á allar gerðir bóka af fullri alvöru og að hvert verk skuli fá raunhæft mat á eigin forsendum.
- Dómnefndafólk skal gæta trúnaðar um störf sín og hvorki ræða störf nefndanna, umsagnir annarra nefndarmanna né nefna eða birta myndir af þeim verkum sem lögð voru fram. Jafnframt er farið fram á það að dómnefndarfólk birti hvergi opinberlega gagnrýni sína um framlagðar bækur.

Ofanskráðar starfsreglur gilda áfram fyrir dómara samkvæmt þeim reglum um Íslensku bókahönnunarverðlaunin sem stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda og stjórn Félags íslenskra teiknara samþykkti árið 2025.